

Samantekt

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir, framkvæmdi eftirfylgni eftirlit þann 28. maí 2026 vegna frávika sem skráð í eftirlitsskýrslu dags. 29. apríl 2026 vegna eftirlits í eldisstöð Benchmark Genetics að Kirkjubogi.

Eftirlitsþega hafði verið veittur frestur til 27. maí 2026 til þess að ljúka úrbótum.

Þann 27. maí sendi eftirlitsþegi inn gögn sem sýndu fram á að úrbótum var lokið á öllum frávikum nema alvarlegu fráviki tengdu skorti á netum með rétta möskvastærð. Óskaði eftirlitsþegi eftir framlengdum fresti til að ljúka úrbótum þar sem ekki voru til net í landinu með þeirri möskvastærð sem vantaði og þau væru ekki til á lager erlendis og koma ekki til landsins fyrr en í lok júní eða byrjun júlí. Matvælastofnun fellst á framlengdan frest til að ljúka úrbótum til 10. júlí 2026.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Eldisbúnaður og fiskheldni	10/07/2026

Frávik	Úrbótafrestur
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfun starfsmanna	Lagfært
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Verklagsreglur	Lagfært
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Innra eftirlit	Lagfært

Viðstödd heimsókn Benchmark Genetics Iceland hf.
Kennitala viðtakenda 620391-1079
Skoðunarmaður Jónína Guðmundsdóttir
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 0 klst.
Frágangur 0 klst.
Tímar við úttekt 45 mín.
Akstur 0 klst.

Frávik í eftirlitsskýrslu dags. 17. október 2024:

Til staðar var net til að endurheimta fisk en möskvastærð þeirra var of stór.

Matvælastofnun bendir á að gott getur verið að halda verklega þjálfun fyrir starfsfólk um stök og hvernig bregðast eigi við, m.a. hvar leggja eigi net.

Skráning í eftirfylgnieftirliti dags 29. apríl 2026 :

Matvælastofnun kallaði eftir mynd af netum til að endurheimta fisk og staðfestingu á stærð þeirra. Matvælastofnun fékk staðfestingu á að eitt net er til staðar í eldsstöðinni og möskvastærð þeirra er 2,5 tommur (6,25 cm). Samkvæmt upplýsingum frá eftirlitsþega er minnstu seiðin í stöðinni u.þ.b. 0,3 gr og 1,3 cm en stærstu u.þ.b. 25 cm og 1,7 kg.

Ljóst er af framangreindum upplýsingum að það net sem er til staðar fangar ekki allar stærðir seiða sem eru í eldisstöðinni þar sem þau eru of stór. Frávikið hefur því ekki verið lagfært. Í ljósi þessa fer frávikið úr því að vera frávik í alvarlegt frávik.

Skráning í eftirfylgnieftirliti 28. maí 2026:

Eftirlitsþegi óskaði eftir framlengdum fresti til að ljúka úrbótum á þessu fráviki þar sem ekki voru til net með nægjanlega litlum möskvastærð á landinu. Veittur er frestur til að ljúka úrbótum til 10. júlí 2026.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 28/05/2026 fór fram eftirfylgniskoðun og var skýrsla send viðtakanda 28/05/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 1 skoðunaratriði, þar af 1 alvarlegt frávik og 0 frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Island.is.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfun starfsmanna

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Verklagsreglur

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Innra eftirlit

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Eldisbúnaður og fiskheldni